



Fundargerð 13. fundar í notendahópi um verðvísitölur, 3. desember 2015

Hagstofa Íslands, fundarsalur 4. hæð

Fulltrúar Hagstofu Íslands:

Ólafur Hjálmarsson, Heiðrún E. Guðmundsdóttir, Brynjólfur Sigurjónsson, Lára G. Jónasdóttir, Margrét S. Otterstedt, Finnbogi Gunnarsson, Marta María Skúladóttir, Snorri Gunnarsson, Rósmundur M. Guðnason.

Fundargestir:

Karen Á. Vignisdóttir – Seðlabanki Íslands, Emil B. Karlsson – Háskólinn á Bifröst, Þórólfur G. Matthíasson – Háskóli Íslands, Ásta Björk Sigurðardóttir – Íslandsbanki, Magnús Stefánsson – Landsbanki, Margrét Sæmundsdóttir – atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir – fjármála- og efnahagsráðuneyti, Hrafn Steinarsson – Arion banki, Marínó Melsted – Hagstofa Íslands – rannsóknir og spár, Brynjar Örn Ólafsson – Hagstofa Íslands – rannsóknir og spár, Ólafur Darri Andrason – ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs (ASÍ), Reynir Kristjánsson – Hagstofa Íslands – gæðastjórn, Þröstur Sveinbjörnsson – Hagstofa Íslands – upplýsingatækni.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Síma- og netþjónusta í vísitölu neysluverðs
2. Samræmd neysluflokkun í Evrópu, ECOICOP
3. Fróðleikur úr starfinu – Kassakerfisgögn við verðmælingar, breyting á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar
4. Önnur mál

Heiðrún E. Guðmundsdóttir bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Síma- og netþjónusta í vísitölu neysluverðs.

Margrét Sesselja Otterstedt gerði grein fyrir nýrri aðferð við að mæla breytingar á verði fjarskiptaþjónustu sem tekin var upp í apríl 2015. Fyrri aðferð byggði á

útgefnum gjaldskrá. Nýjar tegundir þjónustu og breytt neysluhegðun hefur í för með sér annmarka á þeirri aðferð. Nýja aðferðin byggir á ítarlegum gögnum símaþjónustufyrirtækja um viðskipti einstaklinga. Gögnin innihalda bæði raunverulega notkun og greitt verð og er vísitalan nú reiknuð út frá bæði verði og magni. Þannig hefur vísitalan nokkurs konar innbyggða gæðaleiðréttingu með tilliti til neyslubreytinga á fjarskiptaþjónustu. Meðalverð þriggja nýjustu mánaða verðsafnsins eru bornir saman við meðalverð þriggja eldri mánaða þar sem tveir nýjustu mánuðir eldra tímabilsins eru þeir sömu og tveir elstu mánuðir nýrra tímabilsins. Reiknuð er svokölluð Walsh vísitala með tólf mánaða langri magnvog. Líkanið verður þróað efir því sem tímaraðir lengjast og lagað að hugsanlegum kerfisbreytingum fjarskiptafyrirtækja.

2. Samræmd neysluflokkun í Evrópu, ECOICOP.

Lára Guðlaug Jónasdóttir gerði grein fyrir innleiðingu nýrrar evrópskrar neysluflokkunar, ECOICOP. Sameinuðu þjóðirnar gefa út þriggja þrepa flokkun á einkaneyslu (Classification of Individual Consumption by Purpose, COICOP). Þessi flokkun er m.a. notuð til að flokka einkaneyslu í þjóðhagsreikningum, í samræmdri vísitölu neysliverðs (HICP) og við alþjóðlegan verðsamanburð (purchasing power parities). Hagstofa Evrópusambandsins vinnur nú að innleiðingu samræmdrar fjögurra þrepa flokkunar, ECOICOP. Hagstofa Íslands hafði vegna vinnslu vísitölu neysliverðs bætt fjórða þrepinu við flokkunina sem var séríslensk og þarf því að aðlaga sig að samræmdu flokkuninni. Hagstofa Íslands vinnur að íslenskri þýðingu ECOICOP flokkunarkerfisins og skýringa við það, vinnuskjal má nálgast á vef Hagstofunnar:

http://www.hagstofa.is/media/49297/ecoicop_islenska_utgafa_2.pdf.

ECOICOP verður tekið upp í samræmdri vísitölu neysliverðs (HICP) í janúar 2016, en undirvísitölur munu ekki birtast eftir breyttu flokkunarkerfi strax. Áhrif á birtingu vísitölu neysliverðs munu hugsanlega koma fram árið 2017. Ekki verða reiknaðar undirvísitölur fyrir hvern fjögurra stafa flokk en e.t.v. munu verða birtar einhverjar nýjar undirvísitölur.

3. Fróðleikur úr starfinu.

- a) Brynjólfur Sigurjónsson sagði frá endurskoðun á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar sem fer fram um þessar mundir. Endurnýjunin snýr fyrst og fremst að mælingartíma vísitölnunnar þannig að hægt verður að mæla yfir lengra tímabil ef þörf krefur. Þetta er gert svo endurbæta megi

aðferðir við mælingar launakostnaðar þar sem unnt verður að notast við gögn úr launarannsókn í stað taxta og kjarasamninga eins og nú er.

Hagstofa Íslands hefur skilað drögum að frumvarpi ásamt greinargerð til forsætisráðuneytisins. Drögin eru í vinnslu í ráðuneytinu og þess er vænst að málið fái framgang á næsta ári.

- b) Heiðrún Erika Guðmundsdóttir sagði frá innleiðingu kassakerfisgagna frá matvöruverslunum við verðmælingar. Kassakerfisgögn berast nú daglega frá stóru matvörukeðjunum. Stefnt er að því að nýta þessi gögn í vísitölu neysluverðs frá apríl 2016. Fyrst um sinn verða gögnin notuð til að mæla skilgreinda vörukörfu eins og hingað til. Síðar verður innleidd ný aðferðafræði við verðmælingar úr matvöruverslunum í vísitölu neysluverðs.

4. Önnur mál.

Rætt var um að stefna að því að halda annan notendafund að ári liðnu og var notendum boðið að koma með tillögur að umfjöllunarefnum fyrir þann fund. Hagstofan gerði að tillögu sinni að sá fundur myndi fjalla um notkun og innleiðingu kassakerfisgagna í vísitölu neysluverðs og var því ágætlega tekið. Notendum er áfram velkomið að koma hugmyndum sínum á framfæri við Hagstofuna.